

78. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn á skrifstofu Vestfjarðastofu, Ísafirði og í fjarfundi þann 31. mars 2026 kl. 10:00

Mætt voru: Gylfi Ólafsson formaður, Anna Björg Þórarinsdóttir, Dagný Finnbjörnsdóttir, Gauti Geirsson, Guðmundur Fertram Sigurjónsson, Hildur Aradóttir, Magnús Ingi Jónsson, Sif Huld Albertsdóttir og Þórkatla Soffía Ólafsdóttir

Lilja Sigurðardóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Auk þess sátu fundinn Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri, Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri atvinnuþróunar, Sölvi Guðmundsson, teymisstjóri markaðar og menningar og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðróunar sem ritaði einnig fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Fundur stjórnar án framkvæmdastjóra/starfsmanna
2. Áhersluverkefni – aukafjárveiting
3. Ársreikningur Vestfjarðastofu 2025
4. Skýrsla framkvæmdastjóra
5. Fundargerðir til kynningar
 - a. Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga – 996 fundur 20.03.2026
 - b. [Fundargerð 81. fundar stjórnar SSNE 5. mars 2026](#)
 - c. [Fundargerð 136. fundar stjórnar SSNV 19. febrúar 2026](#)
 - d. [Fundargerð 137. fundar stjórnar SSNV 24. febrúar 2026](#)
 - e. [625. fundur stjórnar SSH 16. mars 2026](#)
 - f. [821. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 16. mars 2026](#)

Fundur stjórnar FV

1. Ungmennaráð Vestfjarða
2. Umsagnir
3. Aukaþing FV 15. apríl 2026



Formaður setti fundinn og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundarins og dagskrá hans, engar athugasemdir komu fram og því gengið til dagskrár.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

Framkvæmdastjóri og starfsmenn Vestfjarðastofu véku af fundi.

1. Fundur stjórnar Vestfjarðastofu án framkvæmdastjóra /starfsmanna

Mætt: GFS, SHA, MIJ, AP, HA, DF, LS, ÞÓ, GÓ sem ritar fundargerð

Einn starfsmaður sat óvart stuttan hluta fundarins en vék strax af fundi þegar það varð ljóst.

Rætt um störf framkvæmdastjóra og starfsmanna, auk verkaskiptingar milli starfsmanna, stjórnar og stjórnarformanns.

Niðurstaða fundarins voru eftirfarandi atriði:

- Ánægja með störf framkvæmdastjóra.
- Stjórn þurfi skýra stefnumótun um atvinnuþróun.
- Verkaskipting milli framkvæmdastjóra og formanns.

Fundi lauk 10:30 og þá tók fundur með starfsmönnum við.

Framkvæmdastjóri og starfsmenn Vestfjarðastofu komu að nýju til fundar.

2. Áhersluverkefni – aukafjárveiting

Formaður vísaði til samþykktar 77. stjórnarfundar um stofnun vinnuhóps um tillögur að ráðstöfun viðbótarfjármagns til Sóknaráætlunar samkvæmt fjárlögum 2026 auk óráðstafaðs fjármagns til áhersluverkefna frá árinu 2025.

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið til að kynna tillögur vinnuhóps, til máls tóku auk formanns, Gauti, Fertram, Sif Huld, Þórkatla og Anna.

Að aflokinni umræðu var eftirfarandi tillaga borinn upp og samþykkt.

Viðbótarfjármagn - áhersluverkefni 2026		
	Markmið	Kostnaður
Greining á gistingu á Vestfjörðum	Ýta undir fjárfestingar í gistingu á Vestfjörðum á næstu árum	5,000,000
Sæluhús 2.0	Þétting þjónustunets – öryggi, hraðhleðsla, WC á völdum útsýnispunktum með hliðsjón af hönnun og hæglætisferðþjónustu	6,000,000
Kómedíuleikhúsið	stuðningur við rekstur 2026 - 5 m – sóttu um inn í Fjárlaganefnd um rekstrarstuðning	5,000,000
Skólaþjónusta á Vestfjörðum	Stöðumat og tillögur að samstarfi sveitarfélaga um skólaþjónustu	5,000,000
Púkinn - barnamenningarhátíð 2026	Verkefnafé til að halda hátíðina	4,000,000
Höfnin - Frumkvöðlasetur og stafræn smíðja	Hugmyndin er frumkvöðlasetur / þróunarsetur í Vestrahúsinu með þátttöku atvinnulífsins í svipuðum anda og Breiðin á Akranesi. Þessum fjármunum er ætlað að hefja hönnun, samstarfið og fara með lykilaðila í heimsókn í Sjávarútvegsklasann og Breiðina.	3,000,000
Kuklið á Hólmavík	Efling seturs á Hólmavík	3,000,000
Setur landeldis á Tálknafirði	Verkefnið miðar að því að byggja upp kennslu- og þjálfunaraðstöðu fyrir landeldi ásamt skrifstofuaðstöðu fyrir þróun og nýsköpun í gamla frystihúsinu við Strandgötu 25 á Tálknafirði.	3,000,000
Öflugri Gullkista	Aukin áhersla á sýnileika svæðsins, samstöðu og ímynd	4,000,000
Kortlagning tækifæra við notkun gervigreindar í starfsemi Vestfjarðastofu	Greining á tækifærum til að nýta gervigreind meira	2,900,000
		40,900,000
Aukafjármagn Sóknaráætlunar		35,000,000
Óráðstafað úr Sóknaráætlun 2026		4,000,000
Óráðstafað úr Sóknaráætlun 2025		1,900,000
Til ráðstöfunar		40,900,000

3. Ársreikningur Vestfjarðastofu 2025

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöðu ársreiknings fyrir árið 2025, endurskoðun er ekki lokið og niðurstaða ársreiknings verður tilgreind í fundargerð þegar endurskoðun liggur fyrir.

Til máls tóku auk formanns og framkvæmdastjóra, Fertram, Guðrún Anna, Formaður lagði fram tillögu.

Stjórn Vestfjarðastofu samþykkir ársreikning Vestfjarðastofu fyrir árið 2025 með fyrirvara um endurskoðun. Endurskoðaður ársreikningur verði staðfestur á stjórnarfundum sem haldinn verður í aðdraganda ársfundar Vestfjarðastofu þann 15. apríl 2026.

Tillagan samþykkt samhljóða.



4. Skýrsla framkvæmdastjóra

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið. Kynnti hún munnlega skýrslu framkvæmdastjóra um framgang og stöðu verkefna frá síðasta stjórnarfundum og til dagsins í dag.

Til máls tóku auk formanns og framkvæmdastjóra, Sölvi og Gauti

5. Fundargerðir til kynningar

Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnna Sambandsins og stjórnna landshlutasamtaka

- a. Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga – 996 fundur 20.03.2026
- b. [Fundargerð 81. fundar stjórnar SSNE 5. mars 2026](#)
- c. [Fundargerð 136. fundar stjórnar SSNV 19. febrúar 2026](#)
- d. [Fundargerð 137. fundar stjórnar SSNV 24. febrúar 2026](#)
- e. [625. fundur stjórnar SSH 16. mars 2026](#)
- f. [821. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 16. mars 2026](#)

Fleira ekki gert og formaður sleit fundi stjórnar Vestfjarðastofu kl 11.15 og gaf stutt hlé.

Fundur stjórnar FV

Formaður setti fund stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga og bauð fulltrúa Ungmennaráðs Vestfjarða velkomna til fundarins.

1. Ungmennaráð Vestfjarða

Mætt til fundar fulltrúar Ungmennaráðs Vestfjarða þau Hildur Ása Gísladóttir, formaður, Katla Guðrún Kristinsdóttir, Rafael Filipe da Silva Rosa, Una Margrét Halldórsdóttir og Þórgunnur Ríta Gústafsdóttir og með þeim var Erna Lea Bergsveinsdóttir, verkefnastjóri Vestfjarðastofa.

Þórgunnur kynnti að ungmennaráð hafa átt fundi með öllum sveitarfélögum um þau mál og verkefni sem þau telja brýn en einnig verkefni sem eru til uppbyggingar og framtíðar til að skapa öllum tækifæri.

Til máls tóku auk formanns, Sigríður, Guðrún Anna, Þórkatla

Rætt um menningarmál s.s. Púkann, almenningssamgöngur, samgöngumál innan Vestfjarða, samstarf sveitarfélaga og milli byggðakjarna innan sveitarfélaga, vetrarþjónusta og öryggismál vegfarenda. Rætt um samanburð við starf annarra ungmennaráða þar sem málefni innviða og þjónusta brenna ekki í hinu daglega lífi.

Formaður þakkaði fyrir góðar umræður og fulltrúum Ungmennaráðs fyrir komu á fundinn.

2. Umsagnir

Formaður gaf sviðsstjóra orðið til að fara yfir stöðu og afgreiðslu umsagna í Samráðsgátt og til Alþingis, frá síðasta stjórnarfundu. Eftirfarandi samþykkt.

- Tekið verði til skoðunar mál í Samráðsgátt Drög að reglugerð um kortlagningu óbyggðra víðerna. <https://island.is/samradsgatt/mal/4212>
Umsagnarfrestur til 23. apríl n.k.

Að hálfu Alþingis hafa verið lagðar fram umsagnarbeiðnir fyrir eftirfarandi mál.

- Þjóðaratkvæðagreiðsla. Utanríkismálanefnd Alþingis sendir til umsagnar [516. mál – Þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu](#)
Frestur til að senda inn umsögn er til og með 7. apríl nk.

Samþykkt að senda ekki umsögn.

- Lagareldi og Lax og silungsveiði. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir tvö mál til umsagnar:
[529. mál – Lagareldi](#)
[530. mál – Lax- og silungsveiði o.fl. \(bætt lagaumgjörð\)](#)

Frestur til að senda inn umsögn er til og með 10. apríl nk.

Samþykkt að senda umsögn



- Innviðafélag. 25. mars 2026 Fjárlaganefnd Alþingis sendir til umsagnar [535. mál – Innviðafélag](#) Frestur til að senda inn umsögn er til og með 10. apríl nk.

Samþykkt að senda ekki umsögn.

- Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [565.mál – verndar- og orkunýtingaráætlun \(vindorka og verndarflokkur\)](#) Frestur til að senda inn umsögn er til og með 14. apríl nk.

Samþykkt að senda inn umsögn í samráði við Reykhólahrepp.

- Velferðarnefnd Alþingis sendir til umsagnar [579. mál - Stefna og framkvæmdaáætlun um farsæld barna til ársins 2030](#) Frestur til að senda inn umsögn er til og með 15. apríl nk.

Samþykkt að senda umsögn í samráði við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga.

- Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [570. mál - Leiðarmerki og öryggi siglinga](#) Frestur til að senda inn umsögn er til og með 15. apríl nk.

Samþykkt að senda umsögn.

- Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar [568. mál - Stofnun atvinnuveganna](#) Frestur til að senda inn umsögn er til og með 15. apríl nk.

Samþykkt að senda umsögn.

- Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [581. mál Náttúruvernd, Vatnajökulsþjóðgarður og úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála \(gjaldtaka o.fl. vegna Náttúruverndarstofnunar\)](#) Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 16. apríl nk.** Um er að ræða frumvarp umhverfis, orku og loftlagsráðherra, endurflutt frá síðasta þingi.

Samþykkt að senda ekki umsögn.

- Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [582. mál - Einföldun regluverks og aukin skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum \(einföldun eftirlits\)](#) Frestur til að senda inn umsögn er til og með 16. apríl nk.

Samþykkt að senda umsögn.

- Þingsályktun fjármála og efnahagsráðherra Fjármálaáætlun 2027-2031.

<https://www.althingi.is/alttext/pdf/157/s/0976.pdf>

Vænta má umsagnarbeiðni um framangreint mál.

Samþykkt að senda umsögn

Afgreiddar umsagnir Alþingi.

- Þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2026–2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026–2030.

<https://www.althingi.is/alttext/erindi/157/157-1504.pdf>

- Tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 24/152. (um virkjanakosti á Vestfjörðum).

<https://www.althingi.is/alttext/erindi/157/157-1743.pdf>



Samráðsgátt.

- Umhverfis, orku og loftlagsráðuneyti. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum. Umsögn <https://island.is/samradsgatt/mal/4150> (varðar málefni Heilbrigðisnefnda sveitarfélaga)
- Atvinnuvegaráðuneyti. Drög að frumvarpi til laga um sameiningu Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs. Umsögn <https://island.is/samradsgatt/mal/4178> (varðar málefni Heilbrigðisnefnda sveitarfélaga)
- Grænbók Byggðaáætlunar <https://island.is/samradsgatt/mal/4169>
Áform um mótun ungmennastefnu, mál nr. 40/2026, umsögn skilað <https://island.is/samradsgatt/mal/4187>

Niðurstaða umsagna og svör við fyrirspurnum.

- Lög frá Alþingi *veitingastaðir, gististaðir og skemmtanahald* (*skammtímaleiga, gagnaöflun og rekstrarleyfi*)
https://www.althingi.is/altext/157/s/0956.html?utm_medium=rss
Niðurstaða. Ekki tekið undir umsögn FV um að tekið sé tillit til aðstæðna íbúa utan höfuðborgarsvæðis að eiga og reka íbúð á því svæði, til að mæta aðstæðum s.s. varðandi nám, langtímaveikindi eða aðrar aðstæður þar sem langtímabúseta á höfuðborgarsvæði er eini kosturinn til að nýta opinbera starfsemi og þjónustu sem einungis er í boði á höfuðborgarsvæði.
- Lög frá Alþingi. *Breyting á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála.* <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/157/265/?ltg=157&mnr=265>
Niðurstaða; álit meirihluta umhverfis og samgöngunefndar, tekur inn tillögu FV og Skipulagsstofnunar varðandi breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Þess efnis að við veitingu leyfa um rannsóknir og nýtingu hafvinds og sjávarfallavirkjana komi inn nýtt ákvæði að þar gildi einnig lög um skipulag haf og strandsvæða, auk núverandi ákvæða um náttúruverndarlög, skipulagslög, og önnur lög sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsvæða.

3. Aukaþing FV 15. apríl 2026

Framkvæmdastjóri lagði fram til staðfestingar samþykkt stjórnar í tölvupósti um tillögu að dagskrá aukaþings Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 15. apríl n.k..

Dagskrá þingsins er sem hér segir.

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050. Staða og úrvinnsla umsagna við kynningartillögu (febrúar 2026)



Þingið verður haldið miðvikudaginn 15. apríl 2026 í fjarfundi og á skrifstofu Vestfjarðastofu, Suðurgötu 12 á Ísafirði. Þingið hefst kl 11.00 og áætluð þingslit kl 12.00 og í framhaldinu er síðan boðið til hádegisverðar.

Tillagan borinn upp til staðfestingar og samþykkt.

Fleira ekki gert og formaður sleit kl 12.10



